

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 195/2013

2014/EES/23/40

frá 7. mars 2013

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 að því er varðar nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

að aðlaga viðeigandi eyðublöð. Í þágu réttarvissu og skýrleika þykir rétt að skipta út reglugerð (EB) nr. 171/2013.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

- 2) Í reglugerð (EB) nr. 715/2007 er mælt fyrir um sameiginlegar tækniröfur fyrir gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og varahlutum að því er varðar losun og um reglur um samræmi ökutækja í notkun, endingu mengunarvarnaraðar, innbyggð greiningarkerfi (OBD), mælingu á eldsneytiseyðslu og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr. og 8. gr.,

- 3) Í reglugerð (EB) nr. 692/2008 er mælt fyrir um stjórnsýslufyrirmæli um að kanna samræmi ökutækja að því er varðar losun koltvísýrings og kröfur um mælingar á losun koltvísýrings og eldsneytiseyðslu slíkra ökutækja.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, ihlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 39. gr.,

- 4) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 ⁽³⁾ eru settir staðlar um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum og í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2011 ⁽⁴⁾ er komið á aðferð til að viðurkenna og votta nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá slíkum nýjum fólksbifreiðum.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 171/2013 ⁽⁵⁾ breytti framkvæmdastjórnin reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ⁽⁴⁾ að því er varðar nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum. Í þeirri reglugerð var fyrirmyndunum að viðeigandi skjölum, sem notuð eru í gerðarviðurkenningarferlinu, breytt. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að aðildarríkin fái fullnægjandi tíma til

- 5) Til þess að taka tillit til koltvísýringssparnaðar, sem náðst hefur með notkun á nýsköpunartækni, í útreikningum hvers framleiðanda á markmiði um sértæka losun koltvísýrings skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 og til að tryggja skilvirkt eftirlit með sértækum sparnaði að því er varðar einstök ökutæki, skulu ökutæki sem búin eru vistvænni nýsköpun vottuð sem hluti af gerðarviðurkenningu ökutækis og heildarsparnaðurinn skal skráður á samræmisvottorðið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 65, 8.3.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 55, 27.2.2013, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 194, 26.7.2011, bls. 19.

- 6) Í því skyni er nauðsynlegt að láta viðurkenningar-yfirvöldum í té fullnægjandi gögn til að votta ökutæki sem búin eru vistvænni nýsköpun og fella koltvísyringssparnað vegna vistvænnar nýsköpunar inn í dæmigerðar upplýsingar um tiltekna gerð, afbrigði eða útfærslu ökutækis.
- 7) Því er nauðsynlegt að breyta fyrirmyndunum að viðeigandi skjölum, sem notuð eru í gerðarviðurkenningarferlinu.
- 8) Í reglugerð (EB) nr. 715/2007 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB ⁽¹⁾ eru innleiddar nýjar kröfur um upplýsingar um prófanir vegna losunar mengandi efna. Því skulu nauðsynlegar upplýsingar felldar inn í kerfið sem komið er á með tilskipun 2007/46/EB.
- 9) Því ber að breyta tilskipun 2007/46/EB og reglugerð (EB) nr. 692/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2013.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

1. Ákvæðum I. og IX. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Í stað VIII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB komi texti II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum I. og XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 171/2013 er felld úr gildi.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júlí 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. og IX. viðauka við tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur 3.5.6, 3.5.6.1, 3.5.6.2 og 3.5.6.3 bætist við:

„3.5.6. Ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun í skilningi 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (*) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2011 (**): já/nei ⁽¹⁾

3.5.6.1. Gerð/afbrigði/útfærsla grunnviðmiðunarökutækisins, sem um getur í 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 725/2011, (ef við á):

3.5.6.2. Vixlverkun á milli fleiri en einnar vistvænnar nýsköpunar: já/nei ⁽¹⁾

3.5.6.3. Losungargögn í tengslum við notkun vistvænnar nýsköpunar (gera skal sams konar töflu fyrir hvert viðmiðunareldsneyti sem er prófað) ^(w1)

Ákvörðun um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun ^(w2)	Kóði vistvænnar nýsköpunar ^(w3)	1. Losun koltvísyrings frá grunnviðmiðunarökutækini (g/km)	2. Losun koltvísyrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun (g/km)	3. Losun koltvísyrings frá grunnviðmiðunarökutækini í prófunarlotu prófunar 1 ^(w4)	4. Losun koltvísyrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun í prófunarlotu prófunar 1 (= 3.5.1.3)	5. Notkunarstuðull (UF), þ.e. skipting í tímabil, sem tæknin er notuð við venjulegar notkunaráðstæður	Sparnaður í losun koltvísyrings ((1-2) - (3-4))*5
xxxx/201x							
Heildarsparnaður í losun koltvísyrings (g/km) ^(w5)							

(*) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

(**) Stjtið. ESB L 194, 26.7.2011, bls. 19.“

b) Eftirfarandi skýringar bætist við:

„^(w) Vistvæn nýsköpun.

^(w1) Taflan er stækkuð ef nauðsyn krefur, með einni aukaröð fyrir hverja vistvæna nýsköpun.

^(w2) Númer ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

^(w3) Úthlutað í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

^(w4) Samkvæmt samþykki gerðarviðurkenningaryfirvaldsins, ef ákveðin aðferð við líkanasmíði er notuð í staðinn fyrir prófunarlotu prófunar 1, skal þetta gildi vera það sem kemur úr aðferðinni við líkanasmíðina.

^(w5) Samanlagður sparnaður í losun koltvísyrings fyrir hverja einstaka vistvæna nýsköpun .“

2) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur 3.3.1 og 3.2 bætist við í færslu 49 í I. hluta , síðu 2 – ökutækjaflokkur M₁ (fullbúin ökutæki og fullbúin ökutæki í áföngum) í fyrirmyndinni að EB-samræmisvottorðinu:

„3. Ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun (einni eða fleiri): já/nei ⁽¹⁾

3.1. Almennur kóði vistvænnar nýsköpunar ^(P1):

3.2. Heildarsparnaður í losun koltvísyrings vegna vistvænnar nýsköpunar ^(P2) (gera skal sams konar töflu fyrir hvert viðmiðunareldsneyti sem er prófað):

b) eftirfarandi skýringar bætist við í „Skýringar við IX. viðauka“:

„^(P) Vistvæn nýsköpun.

^(P1) Almennur kóði fyrir vistvæna nýsköpun skal samansettur úr eftirfarandi þáttum, hver og einn aðgreindur með eyðu:

- Kóði viðurkenningaryfirvalds skv. VII. viðauka,
- Sérstakur kóði fyrir hverja vistvæna nýsköpun sem sett er í ökutæki, gefið upp í tímaröð ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu.

(T.d. skal almennur kóði þriggja tegunda vistvænnar nýsköpunar, sem eru viðurkenndar í tímaröð sem 10, 15 og 16 og settar í ökutæki, sem vottað er af þýska gerðarviðurkenningaryfirvaldinu vera: „e1 10 15 16“.)

^(P2) Samanlagður sparnaður í losun koltvísýrings fyrir hverja einstaka vistvæna nýsköpun .“.

—

II. VIÐAUKI

„VIII. VIÐAUKI

NIÐURSTÖÐUR PRÓFANA

(Skulu útfylltar af gerðarviðurkenningaryfirvaldi og fylgja EB-gerðarviðurkenningavottorði ökutækis.)

Í hverju tilviki skal ljóst af upplýsingunum um hvaða afbrigði og útfærslu þær gilda. Ekki mega vera fleiri en ein niðurstaða fyrir hverja útfærslu. Hins vegar er leyfilegt að steypa saman nokkrum niðurstöðum fyrir hverja útfærslu þar sem versta tilvikidið er gefið til kynna. Í síðara tilvikinu skal standa í athugasemd að í þeim liðum, sem merktir eru með (*), séu einungis tilgreindar niðurstöður í verstu tilvikum.

1. Niðurstöður hljóðstigssprófana

Númer grunnstjórnvaldsfyrirmæla og nýjustu breytingarstjórnvaldsfyrirmæla sem gilda um viðurkenninguna. Ef um er að ræða stjórnvaldsfyrirmæli sem koma til framkvæmda í tveimur eða fleiri áföngum, skal einnig tilgreina um hvaða áfanga er að ræða:

Afbrigði/útfærsla
Í akstri (dB(A)/E):
Í kyrrstöðu (dB(A)/E):
við (min^{-1}):

2. Niðurstöður prófana á losun með útblæstri

2.1. Losun frá vélknúnum ökutækjum sem eru prófuð samkvæmt prófunaraðferð fyrir létt ökutæki

Tilgreinið nýjustu breytingarstjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um viðurkenninguna. Ef um er að ræða stjórnvaldsfyrirmæli sem koma til framkvæmda í tveimur áföngum eða fleiri, skal einnig tilgreina um hvaða áfanga er að ræða:

Eldsneyti (*): (dísilolía, bensín, fljótandi jarðolíugas, jarðgas, tvær tegundir eldsneytis: bensín/jarðgas, fljótandi jarðolíugas, fjölblöndueldsneyti: bensín/etanól, jarðgas/blanda vetnis og jarðgass ...)

2.1.1. Prófun 1 ^(b) (^c): (losun ökutækis í prófunarlotu eftir kaldræsingunni)

Afbrigði/útfærsla
CO (mg/km)
THC (mg/km)
NMHC (mg/km)
NO _x (mg/km)
THC + NO _x (mg/km)
Massi efnisagna (PM) (mg/km)
Fjöldi agna (P) (#/km) (¹)

2.1.2. Prófun 2 ^(b) (^c): (losunargögn, sem eru nauðsynleg við gerðarviðurkenningu vegna aksturshæfni)

Prófun 2, prófun í hægum lausagangi:

Afbrigði/útfærsla
CO (% miðað við rúmmál)

Snúningshraði (min ⁻¹)
Hitastig á smurolíu (°C)
Prófun 2, prófun í hröðum lausagangi:			
Afbrigði/útfærsla
CO (% miðað við rúmmál)
Lambda-gildi
Snúningshraði (min ⁻¹)
Hitastig á smurolíu (°C)

2.1.3. Prófun 3 (losun lofttegunda frá sveifarhúsi):

2.1.4. Prófun 4 (losun við uppgufun): g/prófun

2.1.5. Prófun 5 (ending mengunarvarnabúnaðar):

— Vegalengd sem farin er í öldrunarprófun (km) (t.d. 160 000):

— Spillistuðull (DF): reiknaður út/fastákveðinn (°)

— Gildi:

Afbrigði/útfærsla
CO
THC
NMHC
NO _x
THC + NO _x
Massi efnisagna (PM)
Fjöldi agna (P) (°)

2.1.6. Prófun 6 (meðallosun við lágan umhverfishita):

Afbrigði/útfærsla
CO (g/km)
THC (g/km)

2.1.7. Innbyggð greiningarkerfi: já/nei (°)

2.2. Losun frá hreyflum sem eru prófaðir samkvæmt prófunaraðferð fyrir þung ökutæki.

Tilgreinið nýjustu breytingarstjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um viðurkenninguna. Ef um er að ræða stjórnvaldsfyrirmæli sem koma til framkvæmda í tveimur áföngum eða fleiri, skal einnig tilgreina um hvaða áfanga er að ræða:

Eldsneyti (°): (disilolía, bensín, fljótandi jarðolíugas, jarðgas, etanól ...)

2.2.1. Niðurstöður ESC-prófunar ⁽¹⁾ ⁽²⁾ ⁽³⁾

Afbrigði/útfærsla
CO (mg/kWh)
THC (mg/kWh)
NO _x (mg/kWh)
NH ₃ (í milljónarhlutum) ⁽¹⁾
Massi efnisagna (mg/kWh)
Fjöldi efnisagna (#/kWh) ⁽¹⁾

2.2.2. Niðurstöður ELR-prófunar ⁽¹⁾

Afbrigði/útfærsla
Reykþéttigildi: ...m ⁻¹

2.2.3. Niðurstöður ETC-prófunar ⁽²⁾ ⁽³⁾

Afbrigði/útfærsla
CO (mg/kWh)
THC (mg/kWh)
NMHC (mg/kWh) ⁽¹⁾
CH ₄ (mg/kWh) ⁽¹⁾
NO _x (mg/kWh)
NH ₃ (í milljónarhlutum) ⁽¹⁾
Massi efnisagna (mg/kWh)
Fjöldi efnisagna (#/kWh) ⁽¹⁾

2.2.4. Prófun í lausagangi ⁽¹⁾

Afbrigði/útfærsla
CO (% miðað við rúmmál)
Lambda-gildi ⁽¹⁾
Snúningshraði (min ⁻¹)
Hitastig á smurolíu (°C)

2.3. Dísilreykur

Tilgreinið nýjustu breytingarstjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um viðurkenninguna. Ef um er að ræða stjórnvaldsfyrirmæli sem koma til framkvæmda í tveimur áföngum eða fleiri, skal einnig tilgreina um hvaða áfanga er að ræða.

2.3.1. Niðurstöður prófunar við hröðun

Afbrigði/útfærsla
Leiðrétt gildi gleypnistuðuls (m ⁻¹)
Eðlilegur snúningshraði hreyfils í lausagangi
Hámarkssnúningshraði
Hitastig olíu (lágmark/hámark)

3. Niðurstöður prófana á losun koltvísýrings, eldsneytisnotkun, raforkunotkun og drægi á rafmagni
Númer grunnstjórnvaldsfyrirmællanna og nýjustu breytingarstjórnvaldsfyrirmæla sem gilda um viðurkenninguna:

3.1. Ökutæki með brunahreyfli, þ.m.t. fjölknuin rafökutæki sem ekki er hægt að hlaða utan ökutækisins (NOVC) ⁽¹⁾ ⁽⁴⁾

Afbrigði/útfærsla
Koltvísýringslosun (akstur í þéttbýli): (g/km)
Koltvísýringslosun (akstur utan þéttbýlis): (g/km)
Koltvísýringslosun (blandaður akstur): (g/km)
Eldsneytisnotkun (akstur í þéttbýli): (l/100 km) ⁽⁶⁾
Eldsneytisnotkun (akstur utan þéttbýlis): (l/100 km) ⁽⁶⁾
Eldsneytisnotkun (blandaður akstur) (l/100 km) ⁽⁶⁾

3.2. Fjölknuðið rafökutæki sem hægt er að hlaða utan ökutækisins (OVC) ⁽¹⁾

Afbrigði/útfærsla
Koltvísýringslosun (skilyrði A, blandaður akstur) (g/km)
Koltvísýringslosun (skilyrði B, blandaður akstur) (g/km)
Koltvísýringslosun (veginn, blandaður akstur) (g/km)
Eldsneytisnotkun (skilyrði A, blandaður akstur) (l/100 km) ⁽⁶⁾
Eldsneytisnotkun (skilyrði B, blandaður akstur) (l/100 km) ⁽⁶⁾
Eldsneytisnotkun (veginn, blandaður akstur) (l/100 km) ⁽⁶⁾
Raforkunotkun (skilyrði A, blandaður akstur) (Wh/km)
Raforkunotkun (skilyrði B, blandaður akstur) (Wh/km)
Raforkunotkun (veginn, blandaður akstur) (Wh/km)
Drægi á eingöngu rafmagni (km)

3.3. Ökutæki sem eru eingöngu rafknuin ⁽¹⁾

Afbrigði/útfærsla
Raforkunotkun (Wh/km)
Drægi (km)

3.4 Vetnisknúin ökutæki með efnarafal ⁽¹⁾

Afbrigði/útfærsla
Eldsneytisnotkun (kg/100 km)

4. Niðurstöður prófana fyrir ökutæki sem búin eru vistvænni nýsköpun ^(h1) ^(h2) ^(h3)

Afbrigði/útfærsla

Ákvörðun um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun ^(h4)	Kóði fyrir vistvæna nýsköpun ^(h5)	1. Losun koltvísýrings frá grunnviðmiðun arökutækinnu (g/km)	2. Losun koltvísýrings frá ökutæki sem búin er vistvænni nýsköpun (g/km)	3. Losun koltvísýrings frá grunnviðmiðun arökutækinnu í prófunarlotu prófunar 1 ^(h6)	4. Losun koltvísýrings frá ökutæki sem búin er vistvænni nýsköpun í prófunarlotu prófunar 1 (= 3.5.1.3)	5. Notkunarstuðull (UF), þ.e. skipting í tímabil, sem tæknin er notuð við venjulegar notkunaraðstæður	Sparnaður í losun koltvísýrings $((1-2) - (3-4)) * 5$
xxxx/201x
...
...
Heildarsparnaður í losun koltvísýrings (g/km) ^(h7)							...

4.1. Almennur kóði vistvænnar nýsköpunar ^(h8)

Skýringar

⁽¹⁾ Ef við á.

⁽²⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

^(a) Ef takmarkanir eru í gildi fyrir eldsneytið skal tilgreina þær (t.d. jarðgas í L- eða H-flokki).

^(b) Ef um er að ræða ökutæki sem knýja má með tveimur tegundum eldsneytis, skal gera sams konar töflu fyrir báðar eldsneytisgerðirnar.

^(c) Ef um er að ræða ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti og prófunin á að fara fram á báðum tegundum eldsneytis, samkvæmt mynd I.2.4 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, og ökutæki sem nota fljótandi jarðolíugas eða jarðgas/lífmétan og knýja má annað hvort með einni eða tveimur tegundum eldsneytis, skal gera sams konar töflu fyrir mismunandi viðmiðunareldsneyti sem notuð eru í prófuninni og aukatafla skal sýna verstu niðurstöðurnar. Þegar við á, í samræmi við liði 1.1.2.4. og 1.1.2.5. í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, skal sýna hvort niðurstöðurnar eru mældar eða reiknaðar út.

^(d) Gera skal sams konar töflu fyrir hverja gerð viðmiðunareldsneytis sem er prófað.

^(e) Ef um er að ræða Euro VI ber að skilja ESC sem WHSC og ETC sem WHTC.

^(f) Ef um er að ræða Euro VI, ef hreyflar sem eru knúin samþjöppuðu jarðgasi og fljótandi jarðolíugasi eru prófaðir með mismunandi tegundum viðmiðunareldsneytis, þá skal gera sams konar töflu fyrir hverja tegund viðmiðunareldsneytis.

^(g) Einingunni „l/100 km“ er skipt út fyrir „m³/100 km“ fyrir ökutæki sem eru knúin jarðgasi og vetnis- og jarðgasi og með „kg/100 km“ fyrir ökutæki sem eru vetnisknúin.

^(h) Vistvæn nýsköpun.

^(h1) Gera skal sams konar töflu fyrir hvert afbrigði/útfærslu.

^(h2) Gera skal sams konar töflu fyrir hverja gerð viðmiðunareldsneytis sem er prófað.

^(h3) Taflan er stækkuð ef nauðsyn krefur, með einni aukaröð fyrir hverja vistvæna nýsköpun.

^(h4) Númer ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

^(h5) Úthlutað í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

^(h6) Ef ákveðin aðferð við líkanasmíði er notuð í staðinn fyrir prófunarlotu prófunar 1, skal þetta gildi vera það sem kemur úr aðferðinni við líkanasmíðina.

^(h7) Samanlagður sparnaður í losun koltvísýrings fyrir hverja einstaka vistvæna nýsköpun.

^(h8) Almennur kóði fyrir vistvæna nýsköpun skal samsettur úr eftirfarandi þáttum, hver og einn aðgreindur með eyðu:

— Kóði viðurkenningarfirvalds skv. VII. viðauka,

— Sérstakur kóði fyrir hverja vistvæna nýsköpun sem sett er í ökutæki, gefið upp í tímaröð ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu. (T.d. skal almennur kóði þriggja tegunda vistvænnar nýsköpunar, sem eru viðurkenndar í tímaröð sem 10, 15 og 16 og settar í ökutæki sem vottað er af þýska gerðarviðurkenningarfirvaldinu vera: „e1 10 15 16“.)

III. VIÐAUKI

Ákvæðum I. og XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liðir 4.3.5, 4.3.5.1 og 4.3.5.2 bætist við:

„4.3.5. Ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun:

4.3.5.1. Ef um er að ræða gerð ökutækis sem búið er einni eða fleiri tegundum vistvænnar nýsköpunar, í skilningi 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (*) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 725/2011 (**), skal sýna fram á samræmi framleiðslu að því er varðar vistvæna nýsköpun með því að framkvæma prófanirnar, sem kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á þeirri vistvænu nýsköpun sem um er að ræða.

4.3.5.2. Liðir 4.3.1, 4.3.2 og 4.3.4 gilda.

(*) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

(**) Stjtið. ESB L 194, 26.7.2011, bls. 19.“

b) Eftirfarandi liðir 3.5.6, 3.5.6.1, 3.5.6.2 og 3.5.6.3 bætist við í 3. viðbæti:

„3.5.6. Ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun í skilningi 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 725/2011: já/nei (**)

3.5.6.1. Gerð/afbrigði/útfærsla grunnviðmiðunarökutækisins, sem um getur í 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 725/2011 (**): ...

3.5.6.2. Vixlverkun á milli fleiri en einnar tegundar vistvænnar nýsköpunar: já/nei (*)

3.5.6.3. Losunargögn í tengslum við notkun vistvænnar nýsköpunar (***) (****)

Ákvörðun um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun (1)	Kóði fyrir vistvæna nýsköpun (2)	1. Losun koltvísyrings frá grunnviðmiðunarökutækinu (g/km)	2. Losun koltvísyrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun (g/km)	3. Losun koltvísyrings frá grunnviðmiðunarökutækinu í prófunarlotu prófunar 1 (3)	4. Losun koltvísyrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun í prófunarlotu prófunar 1 (= 3.5.1.3)	5. Notkunarstuðull (UF), þ.e. skipting í tímabil, sem tæknin er notuð við venjulegar notkunarastæður	Sparnaður í losun koltvísyrings ((1-2) - (3-4))*5
xxxx/201x (1)							
Heildarsparnaður í losun koltvísyrings (g/km) (4)							

(1) Númer ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.
 (2) Úthlutað í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.
 (3) Samkvæmt samþykki gerðarviðurkenningaryfirvaldsins, ef líkanasmiði er notuð í staðinn fyrir prófunarlotu prófunar 1, skal þetta gildi vera það sem kemur úr aðferðinni við líkanasmiðina.
 (4) Samanlagður sparnaður í losun koltvísyrings fyrir hverja einstaka vistvæna nýsköpun.

(*) Strikið yfir það sem á ekki við.
 (**) Ef við á.
 (***) Gera skal sams konar töflu fyrir hverja gerð viðmiðunareldsneysis sem er prófað.
 (****) Taflan er stækkuð ef nauðsyn krefur, með einni aukaröð fyrir hverja vistvæna nýsköpun.“

c) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðbótinni við 4. viðbæti:

- i. í lið 2.1. er töflunni sem svarar til prófunar 6 skipt út fyrir eftirfarandi:

„Prófun 6	CO (g/km)	THC (g/km)
Mæligildi“,		

- ii. í stað liðar 2.1.1. komi eftirfarandi:

„2.1.1. Ef um er að ræða ökutæki sem knýja má með tveimur tegundum eldsneytis, skal taflan fyrir prófun 1 gerð fyrir báðar eldsneytisgerðirnar. Ef um er að ræða ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti og prófun 1 á að fara fram á báðum tegundum eldsneytis, samkvæmt mynd I.2.4 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, og ökutæki sem nota fljótandi jarðolíugas eða jarðgas/lífmétan og knýja má annað hvort með einni eða tveimur tegundum eldsneytis, skal gera sams konar töflu fyrir mismunandi viðmiðunareldsneyti sem notuð eru í prófuninni og aukatafla skal sýna verstu niðurstöðurnar. Þegar við á, í samræmi við liði 1.1.2.4. og 1.1.2.5. í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008, skal sýna hvort niðurstöðurnar eru mældar eða reiknaðar út.

- iii. Eftirfarandi liðir 2.6. og 2.6.1. bætist við:

„2.6. Niðurstöður úr prófun vistvænnar nýsköpunar (*) (**)

Ákvörðun um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun (¹)	Kóði fyrir vistvæna nýsköpun (²)	1. Losun koltvísýrings frá grunnviðmiðunaröku tækinu (g/km)	2. Losun koltvísýrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun (g/km)	3. Losun koltvísýrings frá grunnviðmiðunaröku tækinu í prófunarlotu prófunar 1 (³)	4. Losun koltvísýrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun í prófunarlotu prófunar 1 (= 3.5.1.3)	5. Notkunarstuðull (UF), þ.e. skipting í tímabil, sem tæknin er notuð við venjulegar notkunaraðstæður	Sparnaður í losun koltvísýrings ((1-2) - (3-4))*5
xxxx/201x							
Heildarsparnaður í losun koltvísýrings (g/km) (⁴)							

(¹) Númer ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

(²) Úthlutað í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun.

(³) Ef notuð er líkanasmíði í staðinn fyrir prófunarlotu fyrir prófun 1, skal þetta gildi vera það sem kemur úr aðferðinni við líkanasmíðina.

(⁴) Samanlagður sparnaður í losun koltvísýrings fyrir hverja einstaka vistvæna nýsköpun.

2.6.1. Almennur kóði vistvænnar nýsköpunar (**):

(*) Gera skal sams konar töflu fyrir hverja gerð viðmiðunareldsneytis sem er prófað.

(**) Taflan er stækkuð ef nauðsyn krefur, með einni aukaröð fyrir hverja vistvæna nýsköpun.

(***) Almennur kóði fyrir vistvæna nýsköpun skal samansettur úr eftirfarandi þáttum, hver og einn aðgreindur með eyðu:

— Kóði gerðarviðurkenningaryfirvaldsins, skv. VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

— Sérstakur kóði fyrir hverja vistvæna nýsköpun sem sett er í ökutæki, gefið upp í tímaröð ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu.

(T.d. skal almennur kóði þriggja tegunda vistvænnar nýsköpunar, sem eru viðurkenndar í tímaröð sem 10, 15 og 16 og settar í ökutæki sem vottað er af þýska gerðarviðurkenningaryfirvaldinu vera: „e1 10 15 16“.)

- 2) Eftirfarandi liðir 4, 4.1, 4.2, 4.3 og 4.4. bætist við í XII. viðauka:

„4. GERÐARVIÐURKENNING ÖKUTÆKJA SEM BÚIN ERU VISTVÆNNI NÝSKÖPUN

4.1. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 725/2011 skal framleiðandi, sem óskar eftir því að njóta ávinnings af minnkun sinni á sértækri meðaltalslosun koltvísýrings, í kjölfar sparnaðar sem næst með einni eða fleiri tegundum vistvænnar nýsköpunar í ökutæki, sækja um EB-gerðarviðurkenningavottorð ökutækisins sem búið er vistvænni nýsköpun, hjá viðurkenningaryfirvaldi.

4.2. Sparnaður í losun koltvísýrings frá ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun, skal, að því er varðar gerðarviðurkenningu, ákvarðaður með verklagsreglunum og prófunaraðferðinni, sem tilgreind er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um viðurkenningu á vistvænni nýsköpun, í samræmi við 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 725/2011.

-
- 4.3. Framkvæmd nauðsynlegra prófana til að ákvarða þann sparnað í losun koltvísýrings, sem næst með vistvænni nýsköpun, skal ekki hafa áhrif á skilyrðið um að sýna fram á að vistvæn nýsköpun sé í samræmi við tækniforskriftirnar, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2007/46/EB, ef við á.
- 4.4. Gerðarviðurkenning skal ekki veitt ef ekki er sýnt fram á að ökutæki sem búið er vistvænni nýsköpun hafi náð lágmarksminnkun losunar koltvísýrings sem nemur 1 g/km gagnvart viðmiðunarökutækinu, eins og um getur í 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 725/2011.“.
-